

Upplýsingar til umsækjanda vegna sveinsprófs í klæðskurði júní 2025

Uppbygging og vægi prófs:	Innra vægi	Vægi
Sniðteiknig, framsetning á verkefni og útlitsteikning	100%	10%
Sniðteikning	80%	
Mappa, framsetning á prófgögnum	10%	
Útlitsteikningar, vinnuteikning, verklýsing, skráning dagbókar.	10%	
Efnismeðferð / sniðning	100%	5%
Efnis- og fóðurval ásamt öðru tilleggi	20%	
Efni pressað / staujað fyrir sniðningu, krumpulaust	20%	
Umgengni um flík og almenn snyrtimennska	20%	
Efnislögn rétt á borði, efnisnýting, meðferð efna í sniðningu	40%	
Samsetning og frágangur	100%	65%
Kragi, silki	10%	
Vasar	15%	
Ermur, klaufar og ermaísetning	12.5%	
Handsaumur	12.5%	
Vélsaumur	2.5%	
Innrabyrði: fóður, hárdúkur, pullur, herðapúðar, tvinni og annað tillegg.	7,5%	
Pressun og líming.	10%	
Hnappagöt, tölur og áfesting.	5%	
Buxnaklauf með streng.	10%	
Heildarútlit, mátun og máltaka.	15%	
Skriflegt próf	100%	10%
Vinnuhraði	100%	10%
Vinnuskipulag	50%	
Verkferlið (dagbókarfærslur)	50%	

Próftími. Miðað er við að verklegt próf sé 40 klst, 5 vinnudagar frá kl: 08-17 gert er ráð fyrir 1 klst í hádegismat alla daganna.

Prófstykki. Val er um: Kjóljakka, smókingjakka og einhnepptan jakka.

Í upphafi prófs kemur próftaki með sniðið tilbúið til að sniða. Búið er að teikna grunn og útfæra snið. Leggja skal fram útlitsteikningu af prófstykkinu í upphafi prófs ásamt saumaðri klaufaprufa með streng í samræmi við jakka. En grunnsniði, vinnusniðum, málblöðum, verklýsingu ásamt dagbókarfærslum og öðru viðkomandi er skilað um leið og prófstykki.

Máltaka og mátun.

Prófstykkið skal saumað á karlmann sem hægt er að kalla til mátunar eftir þörfum. Módelið má hvorki vera menntað í fataið né vera við nám í greininni. Skylt er að máta prófstykkið einu sinni meðan á prófi stendur og sýna þá einnig máltöku ásamt þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Á lokadegi prófs skal lokamátun fara fram. Viðstaddir mátanir verða að vera a.m.k. tveir fulltrúar prófnefndar. Próftaka er heimilt að máta oftari ef nauðsyn krefur, en í samráði við prófnefnd.

Sniðagerð og sniðning.

Próftaki er búinn að taka mál, teikna snið og útfæra. Við upphaf prófs skal einnig vera til staðar allt efni og tillegg. Einnig má vera búinn að undirbúa undirkragaefni, pullur og axlapúða.

Verklegur hluti.

Allir verkþættir prófsins eru unnir á próftökustað. Próftaka er heimilt að hafa með sér þau gögn og verkfæri sem hann telur sig þurfa. Meðan á prófi stendur fá nemendur í hendur dagbókarblöð þar sem rita skal hvað unnið er hvern dag. Eins skal skrá ef tafir verða á próftímanum. Ætlast er til handsaums við niðurlagningu fódurs við besetningu, ermafóður við handveg og stúss við kraga. Einnig er leyfilegt að handsauma allt fódrið inn í jakkann.

Skriflegt próf.

Skriflegt próf er lagt fram kl.08 á þriðja degi prófs. Áætlaður tími er 30 mínútur.

Þeir þættir sem spurt verður um eru t.d. meðferð véla, meðferð efna, vinnuaðferðir, hjálpartæki og þverskurðir.

Skráning prófgagna.

Samkvæmt reglugerð um sveinspróf nr.698 17.gr frá 20. ágúst 2009 er prófnefnd heimilt að skrá vinnuferlið með dagbókarfærslum og myndum (ljósmyndum og vídeómyndum).

Prófkröfur og skil.

Ætlast er til að próftaki nái a.m.k. 50% réttu svári í hverjum lið prófsins. Prófnefnd kallar saman einn fund er niðurstöður liggja fyrir og kynni þær próftökum. Samkvæmt reglugerð um sveinspróf nr.698 frá 20. júlí 2009, 15.gr "Sé próftaki ósáttur við niðurstöður nefndarinnar getur hann óskað eftir skýringum á þeim. Telji hann enn ástæðu til að véfengja niðurstöður sveinsprófsnefndar getur hann vísað málinu til úrskurðar mennta- og barnamálaráðherra innan mánaðar frá þeim tíma er honum voru niðurstöður kunnar." Til að próftaki geti nýtt sér áður nefndan ákærurétt er honum óheimilt að taka við prófstykkinu.

Niðurstöður prófsins eru sendar til löu fræðsluseturs.

Afhending sveinsbréfa.

Undanfarin ár hefur Klæðskera- og kjólameistarafélagið gengist fyrir afhendingu sveinsbréfa. Venjulega hefur afhendingin farið fram í september. Þurfi nýsveinn á sveinsbréfinu að halda fyrir, svo sem vegna atvinnu eða framhaldsnáms er hægt að nálgast bréfið í löu fræðslusetri í samráði við formann sveinsprófsnefndar.

Sveinsprófsnefndin.